

Alþingi  
Erindi nr. P 138/409  
komudagur 3.12.2009



Egilsstöðum 3. Desember 2009

138. löggjafarþing, Þingskjal 19 – 19. Mál

### Umsögn um þingsályktunartillögu Landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu

**Afmörkun:** Ályktunin varðar andnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandi Íslands. – Bent er á að mörg viðkvæm og verðmæt svæði sem teljast víðerni liggja með ströndum landsins, dæmi; Reykjanesfólkvangur, Gerpissvæðið, Víknaslóðir, Langanes, Tjörneslögin, Hornstrandir, að ógleymdri Barðaströnd.

**Samráð við hagsmunaaðila:** Í upphafi greinargerðar eru taldir upp þeir aðilar sem hafa skal við samráð við gerð landnýtingaráætlunar

“Samtök ferðaþjónustunnar (SAF), Ferðamálastofu, Ferðamálaráð, Ferðamálasamtök Íslands, aðra hagsmunaaðila í ferðaþjónustunni eftir því sem við á, Umhverfisstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samvinnunefnd um skipulag miðhálandisins og Skipulagsstofnun” .

Eðlilegt er að haft sé samráð við Markaðsstofur landshlutanna um þann hluta áætlunar sem snýr að þeirra svæðum, enda eru markaðsstofurnar í nánnum tengslum við ferðaþjónustuaðila og sums staðar eru þær stofnaðar og rekna í nánnum tengslum við Ferðamálasamtök viðkomandi landshluta. Þá er æskilegt samráð við Náttúruverndarsamtök, ekki síst Fuglavernd og SAMÚT við gerð þessarar áætlunar.

#### Þolmörk:

Stýrt aðgengi er lykilli að því að ferðamannafjöldi geti stóraukist án þess að skerða upplifun. Tel rétt að leggja áherslu á að vegagerð um hálandið verði „Ferðamannavegir“ þ.e. vegir sem liggja í plani, fylgja upphaflegu vegstæði og landslagi en með varanlegu slitlagi. Þá verði gert ráð fyrir mikilli fjölgun útskota við markverða staði til að koma í veg fyrir utanvegaakstur og auðvelda góða umgengni (stjórnun). Þolmörk eru háð því að vel sé að þessu staðið og þar sem vel tekst til er upplifun góð þrátt fyrir mikinn fjölda ferðamanna (milljónir sbr. Volcanos park). (sjá Skýrslu ferðaþjónustu í Reykjanesfólkvangi, 2008 Þannig má auka fjölda ferðamanna verulega án þess að hafa mikil áhrif á upplifun. Langmestur þorri ferðamann fer um slíkar slóðir og þar með eru viðkvæmari svæði með nánast sjálfvirkri vernd)

Í svæðisskipulagi miðhálandisins kemur fram að megináhersla eigi að vera á uppbyggingu ferðaþjónustu á jaðarsvæðum hálandisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum í nánd við aðalfjallvegi. Sama verður að gilda um þá staði sem mest aðdráttarafli hafa fyrir fjöldan og hægt er að takmarka aðgengi við vel gerað stíga á réttum stöðum. Varðandi skálabyggingar, þá er hreinlætisaðstaða nauðsynleg mun víðar en nú er, líka á vinsælum gönguleiðum svo sem á Laugavegi, slík aðstaða verður þó að taka mið af aðstæðum á hverjum stað.



### **-Upplifun ferðamannaog tillitssemi**

“einu svæði gæti verið stefnt að þjónustu fyrir göngufólk, á öðru fyrir hestaferðir og á enn öðru fyrir jeppafólk og þá sem ferðast á vélsleðum.”.

Mismunandi hópar með mismunandi útivistarþarfir þurfa að koma að borðinu og komast að lýðræðislegri niðurstöðu, á þetta sérstaklega við um innlenda ferðamenn; hestamenn, göngufólk, veiðimenn, vélsleðamenn,.....Því ber að hafa samráð við SAMÚT við vinnslu landnýtingaráætlunar.

### **Tekjuöflun**

Tel margt því til foráttu að leggja á aðgangsgjöld, þannig eru viðkvæmir staðir oft ekki mjög fjölsóttir en þurfa viðhald og ummönnun: Grundvöllur þess að leggja á umhverfisgjöld tengd ferðþjónustu sem renni til uppbyggingar þjóðgarða og annarra fjölsótttra og/eða friðlýstra áningarstaða ferðamanna er bestur á formi KOMUgjalda sem innheimtist með öðrum þjónustugjöldum (flugvallargjöld, hafnargjöld).

Fyrir hönd Markaðsstofu Austurlands

**Ásta Þorleifsdóttir**

Framkvæmdastjóri Markaðsstofu Austurlands

astathor@east.is

gsm 863 1750

www.east.is